

Miðvikudaginn 20. janúar 1993.

Nr. 23/1993. **Ákærvaldið**

gegn

Hallgrími Viggó Marinóssyni.

Kærumál. Hæfi sækjanda. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. janúar 1993, sem barst réttinum sama dag. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að Jón H. Snorrason, deildarstjóri hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, víki sæti sem sækjandi í málinu.

Rannsóknarlögreglustjóri krefst þess aðallega, að kröfu varnaraðila verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Ríkissaksóknari gaf út ákæru í máli þessu 22. desember 1992, og með bréfi sama dag fól hann rannsóknarlögreglustjóra samkvæmt heimild í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1991 að flytja málið fyrir héraðsdómi. Fallast ber á það með héraðsdómara, að rannsóknarlögreglustjóra hafi samkvæmt sama ákvæði verið heimilt að fela Jóni H. Snorrasyni, löglærðum starfsmanni sínum, að fara með málið fyrir hönd embættisins. Með skírskotun til raka héraðsdómarans að öðru leyti verður úrskurður hans staðfestur.

Í endurriti þinghalds 11. janúar 1993 kemur fram, að verjanda ákærða voru fyrst afhent gögn málsins, þá er hann mætti til þinghaldsins. Þrátt fyrir þetta var þinghaldinu fram haldið, án þess að verjanda væri gefinn kostur á að fá frest til að kynna sér gögnin, en mál þetta er umfangsmikið. Er þetta athugavert, enda ber að gæta þess vandlega, að aðilar séu sem jafnast settir fyrir dómi.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. janúar 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 12. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í sakamálinu nr. 262/1992: Ákæruvaldið gegn Hallgrími Viggó Marinóssyni.

Með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsetttu 22. desember sl., sem dómnum barst sama dag og var afhent dómaranum til meðferðar 4. þ. m., höfðar ríkissaksóknari mál fyrir dómnum á hendur ákærða, Hallgrími Viggó Marinóssyni, Dragavegi 6, Reykjavík, kt. 160744-3329, fyrir brennu með því að hafa um miðnætti aðfaranótt mánudagsins 3. febrúar 1992 lagt eld að þremur stöðum á fyrstu hæð í Sportklúbbnum, Borgartúni 32, Reykjavík. Er ákærði með þessu talinn hafa valdið eldsvoða, sem hafði í för með sér gífurlegt eignatjón á fasteigninni Borgartúni 32 og innan-stokksmunum þar. Þá er ákærða einnig gefið að sök að hafa með framan-greindum eldsvoða gert tilraun til vátryggingarsvika, svo sem nánar er lýst í ákæru.

Með ákæruskjalinu barst bréf ríkissaksóknara, dagsett sama dag, og í niðurlagi þess kemur fram, að hann hafi falið rannsóknarlögreglustjóra ríkisins að fara með málið.

Með bréfi rannsóknarlögreglustjóra, dagsettu 8. þ. m., tilkynnti hann dómaranum, að hann hefði með heimild í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 19, 1991, um meðferð opinberra mála falið löglærðum starfsmanni sínum, Jóni H. Snorrasyni deildarstjóra, að sækja þing í málinu og flytja það.

Eftir að málið hafði verið þingfest í gær, gerði verjandi ákærða, Magnús Thoroddsen hæstaréttarlögmaður, kröfu um það, að Jón H. Snorrason deildarstjóri viki sæti sem sækjandi í málinu.

Verjandi bendir á, að ekki sé berum orðum veitt heimild til þess í áður-greindri 1. mgr. 29. gr. laga nr. 19, 1991, að rannsóknarlögreglustjóri geti falið löglærðum starfsmanni sínum að flytja mál í umboði sínu. Þá bendir verjandi á, að ekki sé við hæfi, að sami maður rannsaki opinbert mál og flytji það fyrir dómi. Skorti á, að gætt sé hlutlægni við rannsókn á atriðum öllum, sem horfa til sýknu eða sektar, ef þetta sé gert, og brjóti gegn 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Enn bendir verjandi á, að jafnræði skorti á milli sín og sækjanda, sem þekki málið nákvæmlega, en það geri verjandi ekki. Segir verjandi, að málið hafi á rannsóknarstigi frekar sætt rannsókn á atriðum, sem horfðu til sektar en sýknu. Sé því óeðlilegt, að sá, er stýrði rannsókninni, sæki málið fyrir dómi.

Sækjandi mótmælir kröfu verjanda og telur ekki vera efni til þess, að hann viki sæti. Telur hann afskipti sín af rannsókn málsins ekki styrkja aðstöðu sína við meðferð þess fyrir dómnum.

Í áðurgreindri 1. mgr. 29. gr. laga nr. 19, 1991, segir m. a., að ríkissak-

sóknara sé heimilt að fela lögreglustjórum, þ. á m. rannsóknarlögreglustjóra, flutning mála, sem hann höfði. Í næstu setningu segir, að lögreglustjórar geti falið löglærðum starfsmönnum sínum þetta starf. Í þessari setningu er rannsóknarlögreglustjóra ekki getið.

Það er mat dómsins, að skýra beri síðari setninguna með hliðsjón af hinni fyrri og að þegar rætt er um lögreglustjóra í hinni síðari, sé einnig átt við rannsóknarlögreglustjóra.

Samkvæmt 66. gr. laga nr. 19, 1991, er rannsókn opinberra mála í höndum lögreglu, nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum. Jafnframt er þess getið, að ríkissaksóknari geti gefið fyrirmæli í sambandi við rannsókn mála. Loks segir í lok þessarar greinar, að rannsóknari sé sá starfsmaður lögreglu eða ákærvalds, sem rannsókn stýri eða sinni hverju sinni.

Af framansögðu er ljóst, að ekki er greint á milli lögreglu og ákærvalds, að því er snertir rannsókn máls, og heimilar áðurgreind 1. mgr. 29. gr. laganna lögreglustjórum, þ. á m. rannsóknarlögreglustjóra, að flytja mál fyrir héraðsdómi, og er hvergi að finna ákvæði þess efnis, að til vanhæfis þeirra geti komið, ef þeir hafi sinnt rannsókn málsins sjálfir eða starfsmenn þeirra.

Það er mat dómsins, að gætt sé fyllstu hlutlægni, enda þótt sami maður hafi haft með höndum rannsókn máls og sækir það síðar fyrir dómi, og ekki eru í lögum ákvæði, sem banna slíkt, enda er ríkissaksóknari æðsti handhafi rannsóknarvalds í opinberum málum og sækir þau jafnframt, stundum eftir að hafa sjálfur gefið fyrirmæli um rannsókn tiltekinna atriða.

Vegna gagnrýni verjanda á rannsókn málsins er þess að geta, að ákærði hafði réttargæslumann, á meðan á henni stóð, og sé verjandi óánægður með rannsóknina, hefur hann sjálfur tök á því að bæta eða láta bæta úr því við meðferð málsins, sem hann telur áfátt við hana.

Ekki verður séð, að þrengt sé að réttindum ákærða samkvæmt 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, þótt mál hans sé sótt af manni, sem haft hafi afskipti af rannsókn málsins fyrir útgáfu ákæru. Telur dómurinn ekki skorta á jafnræði með sækjanda og verjanda, enda hefur verjandi öll tök á því að gæta hagsmuna skjólstæðings síns við meðferð málsins.

Samkvæmt framansögðu er synjað kröfu verjanda, að Jón H. Snorrason deildarstjóri víki sæti sem sækjandi í málinu.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Synjað er kröfu verjanda ákærða í máli þessu, að Jón H. Snorrason deildarstjóri víki sæti sem sækjandi í málinu.